

BAUHAUS slhf.
Lambhagavegi 2-4
113 Reykjavík

Reykjavík, 12. maí 2022
UST202204-058/F.K.
07.05.02

Niðurstaða eftirlits – Hættulegar vörur til þrifa og viðhalds bifreiða - Kröfur um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar í bréf stofnunarinnar til BAUHAUS slhf., dagsett þann 11.4.2022 þar sem tilkynnt var um eftirlit með efnavörum, nánar tiltekið hættulegum vörum til þrifa og viðhalds bifreiða, sbr. hlutverk Umhverfisstofnunar með framkvæmd efnalaga nr. 61/2013. Eftirlitið fór fram sama dag og var einnig kynnt í tölvupósti til fyrirtækisins þann 13.4.2022.

Markmið eftirlitsins er að kanna hvort flokkun og merkingar vörunnar sem féll undir umfang eftirlits væri í samræmi við núgildandi reglugerðir og hvort umbúðir vörunnar uppfylli kröfur reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna sem innleiðir CLP. Einnig var skoðað hvort öryggisblöð fyrir vöruna samræmist kröfum reglugerðar nr. 888/2015 um skráningu, mat leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH).

Eftirfarandi vara sem fellur undir umfang eftirlitsins var skoðuð hjá fyrirtækinu:

- Rotskydd Corro Protect - Rust protection (svart) – 1L

Frávik frá gildandi reglum sem fram komu í eftirlitinu eru tilgreind í meðfylgjandi eftirlitsskýrslu.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt efnalögum er óheimilt að markaðssetja vörur sem ekki uppfylla kröfur þeirra um merkingar efna og efnablandna í samræmi við hættuflokkun þeirra sbr. 3. mgr. 32. gr. efnalaga.

Umhverfisstofnun veitir BAUHAUS slhf. frest til 27.5.2022 til að senda stofnuninni uppfærð öryggisblöð á íslensku eða ensku í samræmi við kröfur í II. viðauka við REACH¹. Þar að auki skal fyrirtækið senda mynd af vörunni þar sem áþreifanleg viðvörun sést vel ásamt afriti af merkimiða fyrir vöruna Rotskydd Corro Protect - Rust protection (svart) m.t.t. nafns, heimilisfangs og símanúmer birgja, hættumerkja, viðvörunarorðs, hættusetninga og varnaðarsetninga í samræmi við reglugerð nr. 415/2014².

¹ Samsett reglugerð nr. 888/2015 á vef Umhverfisstofnunar:

<https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Efni/REACH/samsett-reglugerd-nr-888-2015.html>

² Samsett reglugerð nr. 415/2014 á vef Umhverfisstofnunar: <https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Efni/Flokkun-og-merkingar/samsett-reglugerd-nr-415-2014.html>

Senda skal staðfestingu á úrbótum með tölvupósti á opinbert netfang stofnunarinnar, ust@ust.is, merkt málnúmerinu UST202204-058.

Jafnframt er gerð sú krafa að vörur á sölustað verði endurmerktar með rétttri merkingu þegar hún liggur fyrir og hefur verið staðfest af Umhverfisstofnun.

Umhverfisstofnun veitir BAUHAUS slhf. hér með frest til 19.5.2022 til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Vakin er athygli á því að í samræmi við 5. mgr. 49. gr. efnalaga mun Umhverfisstofnun birta á vefsetri sínu upplýsingar um niðurstöður eftirlits og til hvaða úrræða stofnunin hefur gripið jafnóðum og ákvarðanir um slíkt liggja fyrir. Bréf þetta og meðfylgjandi eftirlitsskýrsla verða birt á vefsetri stofnunarinnar 19.5.2022. Telji fyrirtækið að efni í bréfinu eða eftirlitsskýrslunni varði hagsmuni sem njóta eigi leyndar skal fyrirtækið tilkynna um það til Umhverfisstofnunar með rökstuðningi fyrir 19.5.2022.

Umhverfisstofnun vekur einnig athygli á því að samkvæmt XIII. kafla efnalaga er stofnuninni heimilt að beita þvingunarúrræðum til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögnum, til að mynda með áminningu sbr. 55. gr., álagningu dagsekta sbr. 56. gr. og stöðvun markaðssetningar sbr. 57. og 58. gr.

Jafnframt er vakin athygli á því að samkvæmt gjaldskrá fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 innheimtir stofnunin tímagjald vegna eftirfylgni eftirlits og beitingar þvingunarúrræða, sbr. 30 gr. gjaldskrárinnar.

Upplýsingar um öryggisblöð <https://ust.is/atvinnulif/efni/oryggisblod/> og flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna <https://ust.is/atvinnulif/efni/flokkun-merking-og-umbudir/> er að finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Fyrirtækinu er velkomid að leita til sérfræðings stofnunarinnar, Fífu Konráðsdóttur, í síma 591-2000 eða í gegnum netfangið fifak@ust.is til að fá nánari upplýsingar varðandi þau frávík sem málið snýst um og leiðir til úrbóta.

Virðingarfyllst

Fífa Konráðsdóttir,
sérfræðingur

Berglind Björk Bæringsdóttir,
sérfræðingur

Meðfylgjandi: Eftirlitsskýrsla